

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) Laun formanns verði 7,1% af þingfararkaupi (nú 114.384 kr.)
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 4,1% af þingfararkaupi (nú 66.047 kr.)
- c) Laun fyrir stjórnarfundi og aðra fundi stjórnar og nefnda sem stjórn skipar í verði 2,5% af þingfararkaupi (nú 40.282 kr.)
- d) Laun formanna nefnda/úthlutunarnefndar verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd (nú 48.339 kr.)
- e) Óska skal samþykkis framkvæmdastjóra áður en stofnað er til aksturs- eða ferðakostnaðar. Komi til aksturs á eigin bifreið er akstur greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 142 kr./km).
- f) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi.

Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagraða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Úthlutunarnefnd - yfirferð umsókna

- a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta
- b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur
- c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur

2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni

- a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta
- b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur

3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs

- a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
- b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur